

10. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast konunglegrar staðfestingar.

11
15. febr.

Vatnsleysustrandarhreppi, 20. ágúst 1929.

**María Finnsdóttir. Guðríður Andrésdóttir.
Aðalbjörg Ingimundardóttir.**

HAFNARREGLUGERÐ

12
20. febr.

fyrir

Borgarneskaupún.

Samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, hefir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefið út eftirfarandi hafnarreglugerð fyrir Borgarneskaupún.

I. KAFLI.

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Borgarneshöfn takmarkast að austan innan línu, sem hugsast dregin úr syðstu tóngum Borgareyja inn Borgarfjörð, í 500 m. fjarlægð frá syðstu tóngum Stóru-Brákareyjar og Borgarness, móts við Kveldúlfsböfða, og hornréttri línu upp í höfðann; að vestan innan línu, sem hugsast dregin úr vesturtóngum Borgareyja inn Borgarfjörð og Borgarvog, í 200 m. fjarlægð frá Dilartanga, og hornréttri línu upp í tangann. Að sunnan takmarkast hafnarsvæðið af línu þvert um fjörðinn 400 m. fyrir innan nyrztu tanga Borgareyja.

II. KAFLI.

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Yfirumsjón hafnarmála er í höndum hreppsnefndar. Hreppsnefnd kys 3 menn í hafnarnefnd samkvæmt fyrir mælum laga nr. 24, 15. júní 1926. Nefndin

12 kýs sér sjálf formann. Hafnarnefnd hefir á hendi framkvæmd hafnarmála og
20. febr. eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil.

Lántökur og aðrar skuldbindingar, er varða umbætur eða aukningu á mannvirkjum hafnarinnar, gerir hafnarnefnd ekki án samþykkist hreppsnefndar.

3. gr.

Hafnarvörður skal ráðinn af hreppsnefnd og hafnarnefnd á sameiginlegum fundi nefndanna. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita. Hafnarvörður hefir á hendi daglegar framkvæmdir og eftirlit eftir fyrirmælum hafnarnefndar, og velur hún honum aðstoðarmenn eftir því, er hún álitur þurfa.

III. KAFLI.

Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé almennrar reglu á höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til þess að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært fyrir hreppsstjóra eða sýslumanni, en skipun hafnarnefndar eða starfsmanna hennar ber að hlýða tafarlaust.

Skyt er að gæta varúðar um allt það, sem valdið getur bruna. Áliti hafnarnefnd, að hætta geti stafað af meðferð eldfimrar vöru, er henni heimilt að gera þær varúðarráðstafanir, er henni þykir nauðsynlegar.

Óþörf skot og fugladráp er stranglega bannað á höfninni.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

5. gr.

Seglfestu, ösku, kolum eða öðru því, er valdið geti skemmdum á höfninni, mega skip ekki varpa útbyrðis á hafnarsvæðinu, né heldur má flytja slíkt úr landi út í höfnina.

Á hafnarsvæðinu má ekki gera nein mannvirki, né breyta þeim mannvirkjum sem nú eru, og heldur ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarnefndar komi til.

IV. KAFLI.

Um legu skipa og meðferð þeirra á höfninni.

6. gr.

Skipum eða bátum má ekki leggja svo nærri bryggjum, að þau, að áliti

hafnarvarðar tefji umferð eða afgreiðslu skipa. Skyldir eru eigendur og skipverjar að færa til skip á höfninni þegar hafnarvörður krefst, enda getur hann, ef tregða er sýnd, látið gera það á kostnað og ábyrgð eigenda. Kostnaðinn má taka lögtaki. 12
20. febr.

7. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur nema við festarhringana eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunum.

Skylt er að hafa tryggar hlifar milli skips og virkis, eða bryggju, ef krafizt er.

8. gr.

Gufuskip og önnur vélaskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklum krafti, að öðrum skipum eða hafnarvirkjunum stafi hættu af. Ekki má hleypta vatni á bryggjur að óþörfu.

9. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eigandans og er hafnarnefnd heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum ef nauðsyn krefur. Kostnaðinn má taka lögtaki.

V. KAFLI.

Notkun hafnarbryggjunnar.

10. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó hefir hafnarvörður rétt til að leyfa skipum, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, að leggjast að bryggju, þótt önnur skip liggja þar fyrir, og verða þau þá að vikja á meðan hin eru afgreidd. Samskonar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða að áliti hafnarvarðar, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Ennfremur getur hafnarvörður vísað skipum frá bryggju, áliti hann það nauðsynlegt veðurs vegna. Ef ágreiningur ris, ræður hafnarvörður í hverri röð skip koma að bryggju.

11. gr.

Ef nauðsyn ber til þess, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur

12 eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra
20. febr. skipa sem utan liggja yfir þilför hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og far-
þegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför
þeirra skipanna, sem liggja nær.

12. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og bólvirkis, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz bætt hefir verið úr því, sem áfátt er.

Kjölfestu má eigi láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar, sem hafnarvörður vísar til.

13. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerizt, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notað hefir verið. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiði allan kostnað, sem af því leiðir. Kostnaðinn má taka lögtaki hjá afgreiðslumanni eða eiganda skips.

14. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt og hann krefst þess.

VI. KAFLI.

Hafnargjöld.

15. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip eða vélskip 8 smálestir og þar yfir, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestargjald í hvert sinn, sem þau leggjast fyrir við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur. Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist lestargjaldið af nettó stærð skipsins talið í heilum tölum, en brotum má sleppa.

16. gr.

Hafi skip legið á höfninni 14 daga skal greiða hálf tlestargjald að nýju fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. Hafi skipið verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki, sem það stóð uppi.

17. gr.

12

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna í Borgarnesi og ekki eru í millilandasiglingum, greiða lestargjald einu sinni á ári, 50 aura fyrir hverja smálest. 20. febr.
- b. Innlend fiskiskip greiði 10 aura fyrir hverja smálest í hvert skipti, er þau koma til hafnar, þó aldrei minna en 2 krónur.
- c. Öll önnur skip, sem koma til hafnar nema björgunarskip, herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til visindalegra rannsókna, skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, er sannast í sjóprófi, sem haldið er, skulu greiða lestargjald 30 aurar af smálest í hvert sinn, er þau koma til hafnar. Þó skulu póst- og farþegaskip, sem sigla eftir fastri áætlun eigi greiða gjald þetta nema tvisvar á mánuði, þó oftast komi.

18. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 30. maí og lestargjald greiða, skulu greiða ljósagjald þannig:

- a. Skip, sem um getur í 17. gr. a, greiði kr. 20.00 á ári.
- b. Skip, sem getur um í 17. gr. b, greiði kr. 3.00 í hvert sinn, sem þau koma til hafnar.
- c. Öll önnur skip greiði: Undir 50 smálestir kr. 3.00, 50—100 smálestir kr. 7.50, 100—200 smálestir kr. 15.00 og yfir 200 smálestir kr. 40.00 í hvert skipti. Þó greiða farþegaskip 5 aura af smálest í hvert skipti.

19. gr.

Hvert skip, sem legst við land eða bryggjufestar innan hafnarvæðisins eða við skip, sem liggur við bryggju, skal greiða bryggjugjald 5 aura af hverri heilli nettó smálest skipsins. Gjald þetta skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en kr. 2.00 í hvert sinn. Skipstjóri, sem fer frá bryggju, án þess að greiða gjöld þau, sem um ræðir í þessum kafla, er sekur um brot á reglugerðinni, nema öðru vísi sé um samið við hafnarvörð.

VII. KAFLI.

Um vörugjald.

20. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni með þeim undantekningum, sem um getur í næstu greinum.

21. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf

12 gjald. Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda 20. febr. séu þær ákveðnar það samkvæmt farmskránni, greiðist ekkert gjald.

22. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Póstflutningur og farangur ferðamanna.
- d. Vörur, sem fluttar eru úr herskipi eða í herskip.
- e. Vörur og tæki til hafnarinnar.

23. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjald-einingu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur til að láta hafnarverði í té eftirrit af farmskrá skips hans. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskap-arvottorð um vörumagn það, sem fleyta hans hefir fermt eða affermt. Þyki hafnarverði ástæða til getur hann, hvenær sem er, látið rannsaka vörumagnið. Reynist það meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

24. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vöruskrá tiltekur og gjald greiðast eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald minna en 25 auru.

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru úrskurðar hafnarvörður, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

Vörugjaldskrá.

25. gr.

1. flokkur. Gjald 15 aurar fyrir hver 100 kg: Kol, salt, sement.
2. flokkur. Gjald 5 aurar fyrir hvert teningsfet: Timbur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
3. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hverja tunnu: Kjöt, fiskur, síld, lýsi og oliur í tunnum.
4. flokkur. Gjald 10 kr. á stykki: Bifreiðar, dráttarvélar og aðrar stórar vinnuvélar. Hálf gjald greiðist fyrir ferðamannabifreiðar, sem fluttar eru fram og aftur.
5. flokkur. Gjald: 1 kr. fyrir stórgrip, 50 aurar fyrir svín, 25 aurar fyrir sauðfé.
6. flokkur. Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kg.:

Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.

26. gr.

12

Hafnarnefnd og hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka öll þau gjöld, sem um getur í reglugerðinni, allt að 25%. 20. febr.

27. gr.

Viðtakandi greiðir vörugjaldið af vörum, sem koma til hafnarinnar en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. — Skipstjóri, formaður báts og afgreiðslumaður skips bera ábyrgð á, að vörugjaldsyldar vörur séu ekki afhentar fyrr en vörugjaldið er greitt, og hafnarsjóður hefir haldsrétt á vörunum unz hafnargjaldið er að fullu greitt, og í skipi unz hafnargjaldið er greitt. Ef út af bregður, er það brot á hafnarreglugerðinni. Öll gjöld til hafnarinnar skal greiða á skrifstofu hafnarvarðar.

VIII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

28. gr.

Skipstjóri, sem fer í óleyfi út af höfninni án þess að greiða lögmæt hafnargjöld og án þess að skilja eftir skipsskjölin hjá hafnarverði, hefir gert sig sekan um brot á reglugerð þessari.

Nú fer skip burt af höfninni í óleyfi án þess að greiða lögmæt hafnargjöld, og ágreiningur ris síðar um, hve skipið hafi oft hafnað sig á höfninni og skal þá fara eftir skýrslu hafnarvarðar um það efni.

29. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 25 aura fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burt innan viku frá því það kom á land. Að þeim tíma liðnum er hafnarverði heimilt að flytja vörurnar burt, nema öðruvísi sé um samið við hafnarnefnd.

30. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

31. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um langan tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

32. gr.

Nú segir gjaldandi rangt til um vörunafn, þyngd eða stærð gjaldskyldrar

12 vöru, og eigi er ætlandi né sannast að um sé að kenna afsakanlegu gáleysi, þá skal
20. febr. hann skyldur að greiða ferfald vörugjald og sekt sem um brot á hafnarreglu-
gerðinni, nema um þyngri refsingu sé að ræða að lögum.

33. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum. Hafnarvörður er réttur sóknaraðili skaðabótamáls, nema hafnarnefnd hafi þar á gert aðra skipun.

Ef samningum verður eigi við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því, að matsgerð var lokið. Yfirmat skal fram fara af 5 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður eigi breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn. Skip er að lögveði fyrir skaðabótum. Löglega ákveðnar skaðabætur má taka lögtaki.

34. gr.

Enginn, sem bakað hefir sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt af höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd eða aðili hennar tekur gilda. Sama gildir um skaðabótaskyld skip.

35. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er eigi á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

36. gr.

Seglfestu má hvergi taka við höfnina, nema með leyfi landeiganda og hafnarnefndar.

37. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—400 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renni í hafnarsjóð Borgarness.

38. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. febrúar 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.